

Lög

Nr. 19
18. maí

um

breyting á póstlögum nr. 43, 16. nóv. 1907.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Framan við 9. gr. laga nr. 43, 16. nóv. 1907, komi:

Hvert skip, sem er íslensk eign, eða skip, sem menn, búsettir hjer á landi, hafa á leigu, er skyldugt til, þegar það er afgreitt frá höfn í útlöndum til Íslands, að láta pósthús þar á staðnum vita um för sína og taka til flutnings, ef þess er óskað, allskonar brjefasendingar, sem talðar eru undir staflíð a í 2. gr. póstlaganna.

Útgerðarmenn og skipstjóri bera ábyrgð á að þessu sje hlýtt.

2. gr.

Aftan við 22. gr. sömu laga komi:

Umræddar sektir má fimmfalda þegar miklar sakir eru, og auk þess er póststjórninni heimilt að útiloka hlutaðeigendur frá póstsambandi um ákveðinn tíma, þannig að hvorki sjeu fluttar til þeirra póstsendingar eða frá þeim meðan sá tími stendur yfir.

Póststjórninni skal einnig heimilt á sama hátt, ef stjórnarráðið samþykkir, að loka póstsambandi fyrir mönnum, sem gera sig seka í megnum vanskilum gagnvart henni

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfríhöll, 18. maí 1920

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Pjetur Jónsson.